Nr. 1 lagt fram í Héraðsdómi
Vesturlands 5. apríl 2016

STEFNA

Hróbjartur Jónatansson hrl.
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Gerir kunnugt: að hann þurfi f.h. Samtaka sparifjáreigenda, kt. 541088-2539, Borgartúni 23, 105 Reykjavík, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Vesturlands gegn eftirtöldum aðilum:

Hreiðari Má Sigurðssyni, kt. 191170-5719, með lögheimili í Lúxemborg, en fastan dvalarstað að Kvíabryggju, 350 Grundarfirði.

Ingólfi Helgasyni, kt. 041067-5279, með lögheimili í Lúxemborg.

Magnúsi Guðmundssyni, kt. 110470-4019, með lögheimili í Lúxemborg, en fastan dvalarstað að Kvíabryggju, 350 Grundarfirði.

Ólafi Ólafssyni, kt. 230157-5619, með lögheimili í Sviss en fastan dvalarstað að Kvíabryggju, 350 Grundarfirði.

Sigurði Einarssyni kt. 190960-2269, með lögheimili að Þorragötu 7, 101 Reykjavík, en fastan dvalarstað að Kvíabryggju, 350 Grundarfirði.

1. Dómkröfur

Aðallega:

Að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 902.493.733 ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 9. október 2008 til þingfestingardags en með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara:

Að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skaðabætur að álitum ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 9. október 2008 til þingfestingardags en með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Til þrautavara:

Að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu in solidum gagnvart stefnanda vegna fjártjóns stefnanda sem hlaust af markaðsmisnotkun stefndu með hlutabréf í Kaupþingi banka hf. á tímabilinu 1. nóvember 2007 til 9. október 2008.

Í öllum tilvikum er gerð krafa um málskostnað að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða mati dómsins að teknu tillit til virðisaukaskatts.

2. Málflutningsumboð og fyrirsvar

Hróbjartur Jónatansson hrl., Jónatansson & Co – lögfræðistofu, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Bolli Héðinsson kt. 050254-3809 Bjarmalandi 4, Reykjavík en hann er formaður stefnanda.

3. Málavextir

1. Mál þetta varðar kröfu um skaðabætur vegna markaðsmisnotkunar sem átti sér stað í Kaupþingi banka hf. (hér eftir „Kaupþing“ eða „bankinn“) á árunum 2007-2008. Byggir málsókn þessi á því að stefndu hafi með markaðsmisnotkun, m.a. þeirri sem þeir hafa nú þegar verið sakfelldir fyrir, og þannig valdið hluthöfum í bankanum, þ.m.t. stefnanda, fjártjóni með því að blekkja þá annars vegar til að kaupa hlutabréf í bankanum (einnig nefnd „bréfin“) á of háu verði á skipulegum verðbréfamarkaði og hins vegar til selja þau ekki áður en bankinn féll þann 9. október 2008 með yfirtöku Fjármálaeftirlitsins („FME“) á bankanum.

2. Stefnandi er hagsmunasamtök almennra hluta- og sparifjáreigenda sem hefur m.a. þann skráða tilgang að gæta hagsmuna félagsmanna gagnvart stjórnvöldum, stjórnmálamönnum, útgefendum hlutabréfa og annarra verðbréfa, fjölmiðlum og öðrum þeim sem áhrif geta haft á hag þeirra, er fjárfesta í hlutabréfum, verðbréfum og öðrum sparnaðarleiðum. Tilgangi sínum hyggst stefnandi m.a. ná með því að hafa vakandi auga með því að reglur um verðbréfaviðskipti séu virtar og reka í eigin nafni eða annarra dómsmál til tryggingar því að lögbundin réttindi félagsmanna séu virt.

3. Kaupþing var fjármálafyrirtæki með starfsleyfi skv. lögum nr. 161/2002, sem rak umfangsmikla fjármálastarfsemi hér á landi og erlendis á árunum 2002-2008. Hlutabréf í bankanum voru fyrst skráð í Kauphöll Íslands í október 2000, þá undir nafni Kaupþings hf. og voru bréfin skráð þar allt þar til bankinn féll í byrjun október 2008. Voru hlutabréf bankans aukinheldur skráð í sænsku kauphöllinni í Stokkhólmi.

4. Kaupþing varð til við samruna Búnaðarbanka Íslands hf. og Kaupþings hf. en hið fyrrnefnda félag hafði verið einkavætt í byrjun aldarinnar. Stefndi Ólafur fór fyrir

svokölluðum S-hópi sem keypti meirihluta í bankanum við einkavæðingu hans í gegnum félagið Egla hf. Árið 2003 átti Egla 9,5% í bankanum og var næst stærsti hluthafi hans. Á árinu 2006 var eignarhluturinn, sem þá nam 10,82%, færður undir hollenska eignarhaldsfélagið Kjalar Invest BV. Eignarhaldinu var þannig háttað að Egla hf. átti 99,99% hlut í Kjalar Holding BV sem átti alla hluti í Kjalar Invest BV. Kjalar ehf. átti síðan 0,01% hlut í Kjalar Holding BV á móti Eglu hf. Kjalar hf., sem var í eigu Ólafs, átti svo 100% hlut í Eglu hf.

5. Eignarhald stefnda Ólafs á hlutabréfum í bankanum hélst óbreytt fram að falli bankans að undanskilinni þeirri breytingu sem varð á hlutafjáreign hans með hinum svokölluðu Al Thani viðskiptum í september 2008, sbr. nánar síðar. Var stefndi Ólafur því næst stærsti einstaki hluthafi bankans á eftir Exista BV sem átti um 24,7% hlut.

6. Stefndi Hreiðar var ráðinn aðstoðarforstjóri Kaupþings hf. árið 1998 og starfaði sem forstjóri Kaupþingssamstæðunnar frá 2003 og fram að falli bankans. Stefndi Magnús var forstjóri dótturfélags Kaupþings í Lúxemborg frá stofnun þess árið 1998 og fram til 2010. Stefndi Sigurður varð forstjóri Kaupþings hf. 1997 og síðar starfandi stjórnarformaður bankans frá 2003 til 2008. Stefndi Ingólfur hóf störf hjá Kaupþingi hf. 1993, varð yfirmaður markaðsviðskipta bankans og loks forstjóri Kaupþings á Íslandi allt þar til bankinn féll. Stefndi Ólafur var næst stærsti hluthafi bankans eins og áður segir og átt sérlegan fulltrúa sinn í stjórn bankans a.m.k. frá 2003 og þar til bankinn féll.

7. Á lista yfir 21 stærstu hluthafa bankans í lok september 2008 var Egla Invest B.V. félag stefnda Ólafs í 2. sæti, með 9,88% hlut, í 12. sæti var stefndi Sigurður með rúmlega 1% hlut, í 13. sæti stefndi Hreiðar Már með tæpan 1% hlut og í 21. sæti stefndi Ingólfur með 0,5% hlut.

8. Á árunum 2004-2007 hækkaði gengi hlutabréfa í Kaupþingi verulega, líkt og í hinum íslensku bönkunum, ef frá er skilið stutt tímabil í ársbyrjun 2006 þegar gengi bréfanna lækkaði nokkuð. Frá ársbyrjun 2004 og fram til 18. júlí 2007 hækkaði gengi hlutabréfa í bankanum um 536% en síðastgreinda daginn varð ákveðinn viðsnúningur og fram að falli bankans í október 2008 varð nær samfelld lækkun á gengi hlutabréfa í Kaupþingi.

9. Verðhækkunin á árunum 2004-2007 skýrðist af því að á þeim tíma var kaupþrýstingur á hlutabréfin en með kaupþrýstingi er átt við fjölda hluta þar sem kaupandi á frumkvæði að viðskiptunum að frádregnum fjölda hluta þar sem seljandi á frumkvæði að viðskiptunum. Árin 2004 og 2005 nam kaupþrýstingur 15.246.009 og 16.654.709 hlutum.

10. Í upphafi árs 2006 myndaðist hins vegar söluþrýstingur upp á -11.383.154 hluti og gengi bréfanna lækkaði þá. Það tók svo aftur að hækka þrátt fyrir lítinn kaupþrýsting. Árin 2007 og 2008 jókst söluþrýstingur og varð -30.018.147 hlutir árið 2007 og -92.077.449 hlutir árið 2008.

11. Líkt og staðfest hefur m.a. verið í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu S-206/2013 hægðu stefndu verulega á verðlækkun hlutabréfa í Kaupþingi frá 1. nóvember 2007 með kerfisbundnum hætti og var sú háttsemi talin hafa falið í sér saknæma og refsiverða markaðsmisnotkun, sbr. 117. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 („vvl.“).

12. Markaðsmisnotkunin fólst í stórum dráttum í eftirgreindu. Í fyrsta lagi í því að deild innan Kaupþings, s.k. eigin viðskipti Kaupþings (nefnd „EVK“) keypti mikið magn hlutabréfa í bankanum í pöruðum viðskiptum og á tímabili var bankinn aðili að allt að 2/3 hluta paraðra viðskipta í kauphöllinni, sbr. nánar síðar. Í öðru lagi með sölu eigin hlutabréfa með lánum án veða til eignalausra eða eignalítilla félaga. Til að sniðganga reglur um eignarhald á eigin bréfum og flöggun á eignarhlut bauð Kaupþing fyrir tilstuðlan stefndu ýmsum félögum, oft eignalitlum, að kaupa eigin bréf, sem bankinn hafði keypt á markaði, gegn lánum. Var það gert í stórum utanþingsviðskiptum þar sem oftar en ekki voru veitt lán sem fóru gegn útlánareglum bankans þar sem bréfin sjálf voru eina tryggingin fyrir efndum. Í þriðja lagi var um að ræða endurfjármögnun á gríðarlega háum lánum frá 3ja aðila til hlutabréfakaupa í bankanum til að forða því að hlutabréfin færu á almennan markað. Í fjórða lagi, með því að selja starfsmönnum bankans hlutabréf með lánum og skilmálum sem miðuðu að því að afstýra því að bréfin færu á markað. Telur stefnandi að þessi háttsemi stefndu sé saknæm og ólögmæt og tjón stefnanda sé afleiðing af framangreindri háttsemi.

13. Líkt og áður segir hafa stefndu Hreiðar Már, Magnús, Ólafur og Sigurður verið sakfelldir fyrir téða markaðsmisnotkun með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 145/2014 og stefndu Hreiðar Már, Ingólfur, Magnús og Sigurður dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu S-206/2013. Er í stefnu þessari byggt, að því marki sem við á, á þeim málavöxtum sem lagðir voru til grundvallar í framangreindum sakamálum, sem þykja, á grundvelli 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála (eml.) og 4. mgr. 186. gr. sakamálalaga nr. 88/2008 (sml.), sannaðir þar til hið gagnstæða er leitt í ljós.

14. Verða hér á eftir rakin þau helstu atvik að baki þeirri markaðsmisnotkun sem málsókn þessi byggir á en að öðru leyti er vísað til áðurnefndra dóma á dskj. 3 og 4.

Kaup á eigin bréfum

15. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-206/2013 taldist sannað að það hafi verið að undirlagi stefndu Hreiðars Más, Ingólfs og Sigurðar sem bankinn stóð fyrir markaðsmisnotkun með kaupum á eigin bréfum á því tímabili sem sakfellt var fyrir, sem nánar tiltekið var frá 1. nóvember 2007 til 8. október 2008. Var samtals um 229 viðskiptadaga að ræða.

16. Fólst markaðsmisnotkunin að þessu leyti í því að setja inn mikið magn kauptilboða í viðskiptakerfi kauphallarinnar og koma þannig í veg fyrir eða hægja á verðlækkun hlutabréfa í Kaupþingi. Kaup eigin viðskipta Kaupþings á hlutabréfum í sjálfvirkum

pörunarviðskiptum á tímabilinu voru umfangsmikil og kerfisbundin og voru verulegur hluti af heildarveltu með hlutabréf í Kauphingi í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á tímabilinu. Eigin viðskipti Kaupþings keyptu þannig 134.455.761 hluti af þeim 318.115.120 hlutum í Kauphingi sem viðskipti voru með í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á íslenska markaðnum á tímabilinu sem sakfellt var fyrir sem eru 42,3% af heildarveltu með hlutabréf í Kauphingi á íslenska markaðnum. Á sama tíma seldu eigin viðskipti Kaupþings einungis 4.757.526 hluti eða sem nemur 1,5% af heildarveltu með hlutabréf í Kauphingi á íslenska markaðnum.

17. Kaup eigin viðskipta Kaupþings umfram sölu á íslenska markaðnum námu á tímabilinu 41% af heildarveltunni í sjálfvirkum pörunarviðskiptum með hlutabréf í Kauphingi, eða samtals 129.698.143 hlutum sem voru að verðmæti samtals 93.944.124.700 krónur að markaðsvirði. Jókst hlutfallið eftir því sem leið á tímabilið og frá júní til október 2008 var það á bilinu 58%-74%.

18. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-206/2013 þótti ljóst að þessi umfangsmiklu viðskipti bankans með eigin bréf gátu ekki réttlæst af reglum um viðskiptavaka, sbr. 116. gr. vvl., þegar af þeirri ástæðu að deild eigin viðskipta Kaupþings hafði ekki gert samning við bankann um að deildin væri viðskiptavaki með hlutabréf í honum, líkt og áskilið er í 1. mgr. ákvæðisins, aukinheldur sem slíkt fyrirkomulag hefði ekki samrýmst ákvæðum 4. mgr. 116. gr. s.l. að mati dómsins.

19. Í framangreindum dómi þótti sannað af gögnum málsins að umfang viðskiptanna hafi verið mikið og að deildin hafi verið verðmyndandi sem lýsti sér í því að marga viðskiptadaga var hún með hátt hlutfall kauptilboða í hlutabréf bankans en engin eða mjög fá sölutilboð og gátu aðrir aðilar á markaðnum ekki vitað að tilboðin væru frá deildinni.

20. Þá sagði í dómnum að á þessum sömu viðskiptadögum hafi mörg sölutilboð verið inni á markaðnum frá öðrum en fá eða engin kauptilboð. Var af því lagt til grundvallar af héraðsdómi að meira framboð hafi verið á hlutabréfum í bankanum en eftirspurn, frá öðrum aðilum á markaðnum en deild eigin viðskipta. Þessu framboði mætti deildin með því að setja fram kauptilboð. Fyrir aðra aðila á markaðnum gat þetta litið út þannig að jafnvægi væri í framboði og eftirspurn eftir hlutabréfunum, þegar í raun hafi framboðið verið frá öðrum aðilum á markaði en deild eigin viðskipta, en eftirspurnin nær eingöngu frá deildinni.

21. Var það niðurstaða dómsins að því er varðar ákæru vegna viðskipta deildar bankans með eigin viðskipti að „í deild eigin viðskipta Kaupþings hafi, á ákærutímabilinu, verið stunduð stórfelld markaðsmisnotkun". Voru stefndu Hreiðar Már, Ingólfur og Sigurður, meðal annarra, sakfelldir fyrir þetta brot.

Sala á hlutabréfum í utanþingsviðskiptum

Sala á hlutum til Holt Investment Group Ltd.

22. Daganna 8., 12. og 29. febrúar 2008 og 11. september s.á. keypti Holt Investment Group Ltd. (hér eftir Holt) 25.700.000 hluti í Kaupþing fyrir 18.168.000.000 kr. Kaupin voru að fullu fjármögnuð með lánveitingum frá bankanum með veði í bréfunum sjálfum auk veðs í hlutabréfum í Exista að verðmæti einn milljarður. Áður en til viðskiptanna kom átti Holt eingöngu Sýrey ehf., félag með lítil umsvif og neikvætt eigið fé í lok árs 2007.

23. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-206/2013 var talið að með því að selja bréfin með þeim hætti hafi framboð og eftirspurn eftir bréfunum verið gefin ranglega til kynna með því að bankinn hafði forgöngu um sölurnar á nefndum kjörum. Þá hafi einnig verið beitt blekkingum með því að kaupandinn tók enga fjárhagslega áhættu sjálfur, fyrir utan bréfin í Exista og svonefnda orðsporsáhættu. Var það mat dómsins að um markaðsmisnotkun hefði verið að ræða og var stefndi Ingólfur sakfelldur fyrir háttsemina sem brot gegn a-lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl.

Sala á hlutum til Mata ehf.

24. Þann 25. mars 2008 keypti Mata ehf. 5.000.000 hluti af Kaupþing fyrir 3.575.000.000 kr. Kaupin voru að fullu fjármögnuð með láni frá Kaupþing sem bar því áfram fulla markaðsáhættu af hlutunum þar sem ekki voru fyrir hendi aðrar tryggingar en hinir seldu hlutir og voru kaupin því líkleg til að gefa eftirspurn eftir hlutum í bankanum ranglega og misvísandi til kynna og var brotið talið varða við a-lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl. í máli S-206/2013. Var stefndi Ingólfur sakfelldur fyrir háttsemi þessa.

Sala á hlutum til Desulo Trading Ltd.

25. Í maí, júní, júlí, ágúst og september 2008 keypti kýpverska félagið Desulo Trading Ltd. samtals 17.849.500 hluti í Kaupþing fyrir samtals 146 milljón sænskar krónur í sænsku kauphöllinni og 11.133.000.000 kr. á íslenska markaðnum. Kaupin voru að fullu fjármögnuð með láni frá bankanum og ekki voru fyrir hendi aðrar tryggingar en hinir seldu hlutir og var félagið eignalaust.

26. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-206/2013 var talið að með því að selja bréfin með þeim hætti hafi framboð og eftirspurn eftir bréfunum verið gefin ranglega til kynna, með því að bankinn hafði forgöngu um sölurnar á nefndum kjörum. Þá hafi einnig verið beitt blekkingum með því að kaupandinn tók enga fjárhagslega áhættu sjálfur, fyrir utan svonefnda orðsporsáhættu. Var Ingólfur sakfelldur fyrir háttsemina sem brot gegn a-lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl.

27. Stefnandi byggir á því að stefndu séu skaðabótaskyldir vegna framangreindrar markaðsmisnotkunar. Stefndu Hreiðar Már og Sigurður voru æðstu stjórnendur bankans og gat þeim ekki dulist að bankinn væri að selja umrædd hlutabréf til framangreindra

félaga með lánum og veði í hinum seldu hlutabréfum. Á þeim hvíldi m.a. trúnaðar- og eftirlitsskylda sem þeir í öllu falli vanræktu með saknæmum og ólögmætum hætti. Stefndi Magnús kom að sölu hlutabréfa til Holt Investment Group og Desulo Trading Ltd. eins og viðurkennt er í sakamálinu af honum sjálfum sem og stefnda Ingólfi. Í sakamálinu bar viðskiptastjóri eiganda Desulo Trading Ltd, að frumkvæði að viðskiptunum hafi „komið frá ákærða Magnúsi í samstarfi við Ísland" eins það er orðað í dómnum. Raunar bar eigandi Desulo Trading Ltd. að hann hefði hafnað tilboði frá Kaupþingi Lúxemborg um að kaupa bréf í bankanum þó að lánað væri fyrir þeim og ekki aðrar tryggingar teknar en bréfin sjálf. Viðskiptastjóri Holt Investment Group hjá Kaupþingi og eigandi félagsins báru sömuleiðis að frumkvæðið að þeim viðskiptum hefði komið frá stefnda Magnúsi. Stjórnarmaður í Fjárfestingarfélaginu Mata ehf. bar fyrir dómi um tilboð þeirra stefndu Magnúsar og Ingólfs um kaupin. Ákæruliðum gegn Magnúsi varðandi téð viðskipti var hins vegar vísað frá. Það breytir þó engu að mati stefnanda um saknæmi og ólögmæti þeirrar þátttöku Magnúsar að hafa komið téðum viðskiptum á.

Endurfjármögnun Kaupþings á láni Eglu Invest BV

28. Að mati stefnanda er ljóst af téðum sakamálum á hendur stefndu að stefndu, sem voru gríðarlega stórir hluthafar í Kaupþingi, hafi haft ríkan og einbeittan ásetning til þess að koma í veg fyrir að mikið magn af hlutabréfum í bankanum færu til sölu á almennan verðbréfamarkað. Hafi þeir m.a. beitt bankanum fyrir sig til að koma í veg fyrir að mikið framboð af hlutabréfum bankans færi á markað með tilheyrandi verðlækkun bréfanna. Hafi þeir þannig tryggt óeðlilegt verð á hlutabréfum í bankanum. Þessi ásetningur stefndu birtist m.a. í endurfjármögnun Kaupþings á láni til Eglu Invest BV, félags í eigu stefnda Ólafs, sölu bréfa til starfsmanna bankanum og skilmála þeirra og lánum bankans við sölu á bréfum í Kaupþingi úr Gnúpi.

29. Stefndi Ólafur var eins og áður greinir næst stærsti hluthafinn í Kaupþing í gegnum félög sín Eglu hf. og Kjalar hf., með tæp 10% hlutabréfa í bankanum. Nánar tiltekið átti Ólafur yfir 90% af hlutafé Kjalars sem átti svo 99,9% hlutafjár Eglu. Fram á árið 2006 var Kaupþingshlutur samstæðunnar í Eglu hf. en síðla þess árs var eignarhluturinn fluttur í dótturfélag í Hollandi, Kjalar Invest BV, þar sem hann var fram á sumar 2007.

30. Í júní 2007 leitaði stefndi Ólafur til alþjóðlegs banka, Citibank, um að fjármagna kaup Eglu og Kjalars í Kaupþingi. Gekk það eftir og hluturinn var fluttur í annað hollenskt félag, Eglu Invest BV, sem fékk lán frá Citibank sem nam 60% af markaðsvirði hlutabréfanna. Lánið var með veði í þessum hlutabréfum Kaupþings, sem voru eina eign Eglu Invest BV, og var ákvæði um veðkall ef markaðsvirði bréfanna færi niður fyrir 70% af upphæð lánsins.

31. Í janúar 2008 hafði hlutabréfaverð Kaupþings lækkað sem olli því að veðstaða Eglu Invest BV gagnvart Citibank hafði versnað mjög og verðmæti hlutabréfanna fallið niður fyrir 70% veðkallsþröskuldinn. Beitti Citibank þá veðkalli. Við blasti að Citibank gengi

að hinum veðsettu hlutabréfum í Kaupþingi sem fyrirsjáanlega myndi auka verulega framboð á hlutabréfum Kaupþings á markaði með samsvarandi verðlækkun þeirra. Til þess að mæta veðkalli Citibank og forða því að hlutabréfin færu á markað sammæltust stefndu um að Kaupþing myndi veita Kjalari 120 milljón evra lán í því skyni gegn 2. veðrétti í bréfunum, næst á eftir Glitni og Citibank. Í fundargerð lánanefndar Kaupþings er m.a. bókað um þetta: „Líklegast er að Kaupþing verði að fjármagna eign Kjalars í Kaupþingi, a.m.k. þar til varanleg lausn hefur fundist. Fram kom á fundinum að Kaupþing ætti í viðræðum við Citi". Augljóst er aðkoma Kaupþings að þessum málefnum Ólafs samrýmdist með engum hætti því regluverki sem gilti um starfsemi bankans. Í mars sama ár féll svo krónan verulega og var þá tryggingastaða lánsins orðin mun verri með yfirvofandi veðkall. Síðar um vorið yfirtók Kaupþing alla fjármögnun bréfanna af Citibank og tók á sig þá áhættu sem því fylgdi. Að mati stefnanda voru engin lagaskilyrði fyrir því að bankinn tækist á hendur þessar skuldbindingar.

32. Þegar upp var staðið hafði Kaupþing lánað Kjalari og Eglu Invest um 280 milljónir evra til að greiða Citibank skuldir félaga í eigu stefnda Ólafs. Með þeirri lánveitingu tók Kaupþing á sig fulla markaðsáhættu af bréfunum, bersýnilega í því skyni að koma í veg fyrir að stór hlutur í bankanum færi í sölu á almennum verðbréfamarkaði sem myndi auka gríðarlega framboð af bréfum með tilheyrandi verðlækkun bréfanna. Með lánveitingunni var því tryggt óeðlilegt markaðsverð á hlutabréfum í bankanum, sbr. b-lið ur 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl.

Lánveitingar til starfsmanna Kaupþings til hlutabréfakaupa í bankanum

33. Á aðalfundi Kaupþings 2004 var sú stefna samþykkt að æskilegt væri að lykilstarfsmenn væru einnig hluthafar bankans með afgerandi hætti. Í því skyni var samþykkt að veita starfsmönnum kauprétti og þeim boðið að taka lán hjá bankanum til að fjármagna kaup á hlutabréfum í bankanum. Samfara því var veittur söluréttur á bréfunum sem tryggði starfsmönnum skaðleysi af bréfunum. Þessi aðgerð var í alla staði óeðlileg og andstæð því regluverki sem gilti um starfsemi bankans.

34. Í upphafi árs 2005 voru lán til starfsmanna vegna hlutabréfakaupa orðin liðlega 5 milljarðar króna en á þremur og hálfu ári ríflega áttfölduðust lánin og stóðu í um 45 milljörðum kr. í upphafi árs 2008 eða sem nemur tæplega 10% af skráðum eiginfjárgrunni bankans. Við fall bankans í byrjun október 2008 stóðu lánin í 60 milljörðum króna.

35. IFRS reikningsskilastaðlar gerðu ráð fyrir að sölurétti bæri að draga frá eiginfjárgrunni félags og þegar þeir voru teknir upp í bankanum og var af þeim sökum farin sú leið að starfsmönnum var veitt lán með eingöngu 10% sjálfskuldarábyrgð gegn því að starfsmaður félli frá söluréttinum. Kveðið var á um heimild til veðkalls ef virði veða færi niður fyrir 120% af höfuðstól lána að teknu tilliti til vaxta og einnig var mælt fyrir um að óheimilt væri að selja eða veðsetja bréfin fyrr en lánið væri að fullu greitt. Dæmi

um slíkan lánssamning er að finna á dskj. 8 en sérstaklega er vísað til ákvæða gr. 5.2., 6.1. og 7.1. (iii).

36. Á árinu 2007 hóf gengi hlutabréfa í bankanum að lækka og fór veðþekja þessara bréfa niður fyrir 120% veðkallsþröskuldinn. Stjórnendur bankans ákváðu þó að nýta ekki rétt bankans til veðkalls. Leituðu þá fjölmargir starfsmenn bankans eftir því að fá að selja bréfin á almennum markaði og gera upp lánið við bankann. Af hálfu stjórnenda bankans, stefndu Sigurði, Hreiðari og Ingólfi, var hins vegar ákveðið að meina starfsmönnum að selja hlutina en í þess stað var samþykkt að fella niður persónulega ábyrgð starfsmanna.

37. Með því að meina starfsmönnum bankans að selja hlutabréfin á almennum markaði fólst í fyrsta lagi að komið var í veg fyrir að stór hlutur í bankanum, ríflega 7% hlutafjár, færi á markað síðla árs 2007. Í öðru lagi var með sölubanninu komið í veg fyrir að markaðurinn fengi vitneskju um að stór hópur starfsfólks vildi selja hlut sinn í bankanum en slíkt myndi alla jafna hringja viðvörunarbjöllum hjá fjárfestum á markaði og leiða til söluþrýstings og óhjákvæmilegrar verðlækkunar á bréfunum. Með aðgerðum þessum tryggðu stjórnendur bankans óeðlilegt verð á hlutabréfum bankans, sem fór gegn b-lið 1. tölul., 1.mgr. 117. gr. vvl.

Fjármögnun á sölu á hlutum Gnúps til Giftar fjárfestingarfélags ehf. og AB 57 ehf.

38. Þann 11. desember 2007 seldi Gnúpur fjárfestingafélag ehf. samtals 27.725.018 hluti í Kaupþingi á genginu 867. Kaupendur voru annars vegar Gift fjárfestingafélag ehf. (hér eftir Gift) sem keypti 23.068.050 hluti, eða um 3,11% í bankanum og hins vegar AB 57 ehf. sem keypti um 3,5 milljónir hluta.

39. Kaupin voru fjármögnuð að fullu með láni frá Kaupþingi. Lán til Giftar námu samtals 20 milljörðum, þar af voru 16 milljarðar tryggðir með veði í bréfunum en 4 milljarðar voru veittir að láni án veða. Lán til AB 57 ehf. nam 3 milljörðum króna. Hefði hlutur í Kaupþingi af þessari stærðargráðu farið á markað hefði það valdið umtalsverðum söluþrýstingi og leitt til lækkunar á markaðsverði bréfanna. Með aðgerðum þessum tryggðu stjórnendur bankans óeðlilegt verð á hlutabréfum bankans sem fór gegn b-lið 1. tölul., 1.mgr. 117. gr. vvl.

Al Thani viðskiptin

40. Þann 22. september 2008 lét Kaupþing frá sér fréttatilkynningu um að Q-Iceland Finance ehf., félag í eigu Sheik Mohamed bin Khalifa Al Thani (hér eftir „Al Thani"), hefði keypt 37.100.000 hluti í Kaupþing, eða sem nemur 5,01% hlutafjár í bankanum, fyrir 25.599.000.000 krónur.

41. Í tilkynningu til Kauphallar vegna viðskiptanna, sbr. dskj. 10, segir orðrétt: *„Q Iceland Finance ehf., dótturfélag í eigu Q Iceland Holding ehf., sem er eignarhaldsfélag hans hátignar Sheikh Mohammed Bin Khalifa Al-Thani, hefur keypt 5,01% hlut í Kaupþingi*

banka hf. Q Iceland Finance keypti alls 37,1 milljón hluta á genginu 690 kr. á hlut og verður þar með þriðji stærsti hluthafi bankans. - Hans hátign Sheikh Mohammed er í konungsfjölskyldunni sem verið hefur við völd í Qatar frá því á nítjándu öld."

42. Í tilkynningunni voru jafnframt höfð eftir ummæli frá Al Thani og stefnda Sigurði, en ummæli hins fyrrnefnda voru svohljóðandi: *„Við höfum fylgst náið með Kaupþingi í nokkurn tíma og teljum þetta góða fjárfestingu. Staða Kaupþing er sterk og við höfum trú á stefnu og stjórnendum bankans, enda hefur Kaupþing náð góðum árangri við þær erfiðu aðstæður sem nú eru á markaðnum og sýnt fram á getu til þess að breytast og laga sig að nýjum veruleika í bankastarfsemi. Við lítum á hlut okkar í Kaupþingi sem langtímafjárfestingu og hlökkum til að eiga góð samskipti við stjórnendur bankans."*

43. Ummæli stefnda Sigurðar voru svohljóðandi: *„Okkur er mikil ánægja að bjóða hans hátign Sheikh Mohammed Bin Khalifa Al-Thani velkominn í hluthafahóp Kaupþings. Það hefur lengi verið stefna okkar að laða nýja fjárfesta að bankanum og því er ánægjulegt að sjá að við höfum nú náð að breikka hluthafahópinn enn frekar. Við hlökkum til þess að vinna með hans hátign Sheikh Mohammed í framtíðinni."*

44. Þá birtust jafnframt fréttir af viðskiptunum í helstu fjölmiðlum landsins en þannig er t.a.m. að finna viðtal við stefnda Hreiðar Má í frétt af vefnum www.mbl.is undir fyrirsögninni „Sjeikinn veðjar á Kaupþing" en þar er eftirfarandi m.a. haft eftir stefnda Hreiðari Má: *„Við teljum að þetta sé mikil traustsyfirlýsing fyrir félagið. Það er búið að fara í gegnum mikla úttekt og grandskoðun á rekstri bankans á undanförnum mánuðum og þessi fjárfesting er gerð í kjölfar þess".*

45. Eins og upplýst er í dómi Hæstaréttar í málinu 145/2014 var hér um grófa blekkingu að ræða. Engin raunverulega hlutabréfaviðskipti höfðu átt sér stað á kostnað eða áhættu Al Thani. Sá hafði verið fenginn til að ljá nafn sitt við kaupin gegn 50 milljón dollara greiðslu frá Kaupþingi, eins og nánar er lýst í dómi Hæstaréttar.

46. Raunveruleg tilhögun viðskiptanna var á þá leið að Kaupþing veitti, með talsverðri launung, lán fyrir öllu kaupverði hlutabréfanna. Lánsféð rann í fyrstu til tveggja félaga sem skráð voru á Bresku Jómfrúareyjunum; Serval Trading Group Corp. og Gerland Assets Ltd., en það fyrrnefnda var í eigu Al Thani en hið síðarnefnda var í eigu stefnda Ólafs.

47. Þaðan rann lánsfjárhæðin til kýpverska félagsins Choice Stay Ltd., en það félag var í eigu hinna tveggja áðurgreindra félaga, og því í óbeinni eigu stefnda Ólafs og Al Thani. Frá kýpverska félaginu rann lánsfjárhæðin til Q-Iceland Finance ehf. sem var hinn eiginlegi aðili að viðskiptunum en það félag var að fullu í eigu Al Thani. Kjörin á láninu frá Choice Stay Ltd. til Q Iceland Finance ehf. réðust af þróun á verðmæti hinna keyptu hlutabréfa. Með því móti gat Ólafur notið helmings hagnaðar af bréfunum án þess að aðkoma hans yrði gerð ljós.

48. Þann 12. febrúar 2015 kvað Hæstiréttur upp dóm í sakamáli sem höfðað var á hendur stefndu vegna ætlaðrar markaðsmisnotkunar o.fl. vegna hinnar meintu sölu á hlutabréfunum til félags Al Thani, sbr. hæstaréttarmálið nr. 145/2014. Segir orðrétt í dómi Hæstaréttar: *„Að virtu því, sem hér að framan greinir, verður að leggja til grundvallar að þótt gengið hafi verið út frá því frá upphafi að íslenskt einkahlutafélag, sem yrði að öllu leyti í eigu [Al Thani], myndi kaupa 5,01% hlutafjár í Kaupþingi banka hf., hafi einnig verið ráðgert frá öndverðu að lán, sem Kaupþing banki hf. hafði skuldbundið sig til að veita fyrir öllu kaupverði hlutanna, myndi ganga að helmingi til hvors þeirra [Al Thani] og ákærða Ólafs eða félaga á þeirra vegum og síðan frá þeim til félags í sameign þeirra, en loks þaðan sem lán til kaupanda hlutabréfanna. Hefði ætlunin verið sú að [Al Thani] stæði einn að kaupunum á hlutabréfunum gegnum íslenska einkahlutafélagið í eigu hans má augljóst vera að í lófa hefði verið lagið að komast fram hjá öllum þessum fléttum í viðskiptunum með því að félag hans tæki sjálft lán hjá Kaupþingi banka hf. fyrir kaupverði bréfanna með ábyrgð hans fyrir helmingi skuldarinnar. Á þeirri mynd, sem viðskiptin tóku í raun á sig, getur engin önnur skýring verið en sú að með henni hafi átt að dylja að ákærði Ólafur stæði að baki þeim að helmingi, bæði að því er varðar fjárframlög til þeirra og væntinga um arð af þeim. Getur engum vafa valdið að ákærða Ólafi hafi verið þetta kunnugt.“*

49. Forsögu viðskiptanna má rekja til þess að um vorið og sumarið 2008 voru í gangi viðræður um kaup Qatar Investment Authority á hlutum í Kaupþingi. Að lokinni áreiðanleikakönnun á bankanum mat sjóðurinn það svo að eðlilegt verð í viðskiptunum væru 399 kr. á hlut en var því tilboði hafnað af Kaupþing og slitnaði í kjölfar þess upp úr viðskiptunum.

50. Í dómi Hæstaréttar í máli 145/2014 var lagt til grundvallar að Al Thani hafi verið kunnugt um tilboð Qatar Investment Authority um 399 kr. á hlut þegar hann gekk til samninga við Kaupþing á 690 kr. á hlut en engin viðhlítandi skýring kom fram á því hvers vegna hann sætt sig við að kaupa hlutina á því verði í ljósi framangreinds.

51. Samhliða meintum kaupum Al Thani á hlut í Kaupþing og lánveitingu bankans vegna kaupanna, eða þann 19. september 2008, veitti Kaupþing lán að fjárhæð 50.000.000 USD til félagsins Brooks Trading Ltd. sem var eignalaust félag með takmarkaðri ábyrgð í eigu Al
52. Þá var einnig niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 145/2014 að við fyrsta tækifæri snemma morguns 22. september 2008 hafi verið tilkynnt opinberlega um viðskiptin og fylgdu svo í kjölfarið flöggunartilkynningar vegna viðskiptanna. Var af þeim sökum talið engum vafa undirorpið að sá mikli asi sem einkenndi framkvæmd fyrirmæla stefndu Hreiðars og Magnúsar um að hrinda viðskiptunum í framkvæmd beindist að því að fyrrnefndar tilkynningar kæmu fram og hefðu áhrif á skipulegum verðbréfamarkaði. Voru stefndu sakfelldir fyrir markaðsmisnotkun samkvæmt 117. gr. vvl. auk þess sem sakfellt var fyrir umboðssvik skv. 249. gr. almennra hegningarlaga vegna þeirra lánveitinga, sem að ofan er lýst.

53. Í fyrsta lagi var stefndi Hreiðar Már sakfelldur fyrir brot gegn a-lið 1. töluliðar og 2. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl., ásamt stefnda Sigurði, með því að hafa látið ranglega líta svo út að þekktur fjárfestir frá Qatar, Al Thani, hafi lagt félagi í sinni eigu Q Iceland Finance ehf., fé til að kaupa 5,01% hlutafjár í Kaupþing banka hf. og borið af því fulla áhættu, en leynt um leið að bankinn hafi lánað allt fé til þessara kaupa og borið helming áhættu af kaupunum, svo og að stefndi Ólafur, sem á þeim tíma hafi farið fyrir eiganda 9,88% hlutafjár í bankanum, hafi á nánar tiltekinn hátt komið að þessum kaupum. Í dómi Hæstaréttar segir m.a. *„Eins og kaup Q Iceland Finance ehf. á 5,01% hlutabréfa í Kaupþingi banka hf. voru kynnt út á við gáfu þau ekki aðeins til kynna að þekktur og auðugur erlendur fjárfestir hafi einn átt þátt í þeim og staðið sjálfur straum af kaupverði hlutabréfanna, heldur hafi jafnframt búið þar að baki traust á félaginu sem banka á alþjóðlegum fjármálamarkaði og trú á arðsemi kaupanna. Hefði opinberlega verið greint frá raunverulegu megininntaki þessara kaupa er ótvírætt að þetta traust og sú trú hefði fengið á sig allt aðra og lakari mynd. Í þessum ráðstöfunum fólst því markaðsmisnotkun í skilningi a. liðar 1. töluliðar og 2. töluliðar 1. mgr. 117. gr. laga nr. 108/2007.“* Þá voru jafnframt stefndu Ólafur og Magnús sakfelldir fyrir hlutdeild í brotunum.

54. Þá voru stefndu Hreiðar Már, Ólafur, Magnús og Sigurður, jafnframt sakfelldir fyrir brot gegn 3. tölulið 1. mgr. 117. gr. vvl. vegna áðurnefndra fréttatilkynninga. Í þeim var í engu getið um það hvernig viðskiptunum var raunverulega háttað, þ.á.m. að því er varðar lánveitingar og aðkomu stefnda Ólafs. Taldi Hæstiréttur tilkynninguna því gefa rangar og misvísandi upplýsingar um þessi kaup sem síðan voru ítrekaðar í viðtölum fjölmiðla við þá Hreiðar, Ólaf og Sigurð.

55. Er vafalaust að framangreind markaðsmisnotkun hafði veruleg áhrif á verðbréfamarkaði en eins og dagslokaverð í hlutabréfum Kaupþings ber með sér, sbr. dskj. 6, þá sést að lækkun þess sem var nær samfellt frá 2007 stöðvaðist við tilkynninguna um Al Thani viðskiptin og tók gengi bréfanna í kjölfarið skyndilega kipp upp á við.

Áhrif eigin hlutabréfa Kaupþings á eiginfjárgrunn bankans

56. Samkvæmt 1. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 (fftl.) um fjármálafyrirtæki skyldi eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis, eins og hann var skilgreindur í 4. mgr. 84. gr. laganna fyrir fall bankans á hverjum tíma nema að lágmarki 8% af áhættugrunni en frá eiginfjárgrunni skal m.a. draga eigin hlutabréf og lán sem voru einvörðungu tryggð með veði í eigin hlutabréfum.

57. Áður hefur verið lýst umfangsmiklum kaupum Kaupþings á eigin hlutabréfum auk lánveitinga til Holt, Mata og Desulo Trading þar sem veitt voru umfangsmikil lán til að fjármagna kaup á bréfum í bankanum. Auk þess er vísað til umfjöllunar um lán til Eglu Invest við endurfjármögnun á láni Citibank, lánveitingar til starfsmanna og lánveitingar við sölu á hlutum Gnúps til Giftar og AB 57 ehf.

58. Eins og rakið verður nánar síðar hefði með réttu átt að draga öll eigin bréf Kaupþings og framangreind lán, auk annarra lána þar sem lánað var út á bréf bankans, frá eiginfjárgrunni bankans. Hefði það leitt til þess að eiginfjárhlutfallið hefði farið undir 8% og bankinn misst starfsleyfi sitt sem fjármálafyrirtæki í síðasta lagi í upphafi árs 2008.

Fall Kaupþings banka hf.

59. Þann 6. október 2008 voru viðskipti með hlutabréf í Kaupþingi stöðvuð í Kauphöll Íslands og þann 9. sama mánaðar tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar bankans og skipaði honum skilanefnd en við það urðu hlutabréf í bankanum verðlaus. Í kjölfarið kom fram rökstuddur grunur um umfangsmikla markaðsmisnotkun af hálfu stjórnenda og stærstu eigenda bankans og gaf embætti sérstaks saksóknara út ákærur í tveimur málum tengdum markaðsmisnotkun með hlutabréf bankans.

60. Annars vegar er um að ræða dóm Hæstaréttar í máli nr. 145/2014 þar sem sakfellt var fyrir Al Thani viðskiptin og hins vegar er um að ræða dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-206/2013 þar sem sakfellt var fyrir viðskipti með eigin bréf auk sölur og lánveitingar vegna Holt, Mata og Desulo.

Hlutabréf í Kaupþingi framseld til stefnanda

61. Stefnandi eignaðist fyrir framsal öll hlutabréf Stapa Lífeyrissjóðs („Stapa“) kt. 601092-2559 í Kaupþingi hf. sem lífeyrissjóðurinn átti er bankinn féll, eða 196.108 hluti, auk allra tilheyrandi kröfuréttinda, þ.m.t. skaðabótakrafna Stapa vegna allra þeirra hlutabréfa sem lífeyrissjóðurinn átti í Kaupþingi fram að falli bankans 2008.

62. Stapi lífeyrissjóður, sem stefnandi leiðir rétt sinn frá, hafði alls keypt hlutabréf í Kaupþingi fyrir kr. 6.391.528.301 þegar bankinn féll. Þann 1.11.2007 átti Stapi hlutabréf í bankanum sem hann hafði keypt fyrir kr. 4.230.351.596. Eftir þann 1.11.2007 og fram til 7.8.2008 keypti Stapi hlutabréf í Kaupþingi fyrir samtals kr. 2.161.176.732. Frá 1.11. 2007 og til falls bankans seldi Stapi fyrir samtals kr. 5.455.837.008. Arður fenginn eftir 1.11.2007 nam kr. 33.197.560. Nettó mismunur kaupverðs hlutabréfanna, annars vegar og söluverð og arðs af bréfunum, hins vegar, nam kr. 902.493.733 þegar Kaupþing féll.

4. Málsástæður

4.1. Almennt um málatilbúnað stefnanda

63. Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á almennum reglum skaðabótaréttar um skaðabótaábyrgð utan samninga. Byggir stefnandi á því að fullsannað sé að stefndu hafi sameiginlega viðhaft markaðsmisnotkun með hlutabréf í Kaupþingi á árunum 2007-

2008 og að orsakatengsl séu milli þeirrar háttsemi og tjóns stefnanda og að tjónið sé sennileg afleiðing hennar. Beri að beita strängu sakarmati skv. reglum um sérfræðiábyrgð, við mat á háttsemi stefndu, sem voru beinir og óbeinir stjórnendur fjármálafyrirtækis sem skráð var á skipulegum verðbréfamarkaði. Þá beri við sakarmatið að gæta að því að hluthafar í Kaupþingi gátu hvorki gert sér grein fyrir að háttsemi stefndu kynni að valda þeim fjártjóni né áttu þeir möguleika á að fyrirbyggja eða minnka sitt tjón áður en bankinn féll. Í ljósi stöðu stefndu sem sérfræðinga beri að slaka á kröfum um orsakatengsl, ef því er að skipta.

64. Stefndu hafa, líkt og áður hefur verið nefnt, verið sakfelldir fyrir þá háttsemi sem málatilbúnaður stefnanda byggir að mestu leyti á, sbr. dóm Hæstaréttar 12. febrúar 2015 í máli nr. 145/2014, sbr. dskj. 3, og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-206/2013, sbr. dskj. 4. Hafa dómarnir fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í þeim greinir þar til hið gagnstæða er sannað, sbr. 4. mgr. 186. gr. sml. og 4. mgr. 116. gr. eml.

65. Sú háttsemi sem sakfellt var fyrir er markaðsmisnotkun samkvæmt 117. gr. vvl. og voru brotin framin af ásetningi hinna sakfelldu en í því ljósi verður þegar af þeirri ástæðu að teljast sannað að saknæm og ólögmæt háttsemi hafi verið viðhöfð af hinum stefndu í þeim tilvikum.

4.2. Saknæm og ólögmæt háttsemi

66. Stefnandi byggir á því að stefndu hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi sem hafi valdið þeim hluthöfum í Kaupþingi fjártjóni sem hann leiðir rétt sinn frá. Felst hin saknæma og ólögmæta háttsemi nánar tiltekið í markaðsmisnotkun sem er refsiverð samkvæmt 117. gr. vvl. eins og áður hefur verið rakið, en það ákvæði er skráð hátternisregla sem mælir fyrir um bann við tiltekinni háttsemi á verðbréfamarkaði, þ.e. að beita opinberlega blekkingum í því skyni að hafa áhrifum á framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga, sbr. nánari tilgreiningu í 117. gr.vvl. Liggur þannig fyrir brot á skráðri hátternisreglu sem framið var af einbeittum ásetningi og er því ljóst að um saknæma og ólögmæta háttsemi stefndu sé að ræða, enda eiga engar hlutrænar ábyrgðarleysisástæður við.

67. Samhengis vegna er þó hér að neðan að finna lýsingu á hinni saknæmu og ólögmætu háttsemi en að öðru leyti er vísað til málsatvikalýsingar hér að ofan sem og til dóms Hæstaréttar nr. 145/2014 og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-206/2013.

68. Samkvæmt því sem að framan er rakið liggur fyrir að stefndu hafa brotið gegn ákvæði 117. gr. vvl., eins og áður segir, en ákvæðið er svohljóðandi:

Markaðsmisnotkun er óheimil. Með markaðsmisnotkun er átt við að:
1. eiga viðskipti eða gera tilboð sem:
a. gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna, eða

b. tryggja óeðlilegt verð eða búa til verð á einum eða fleirum fjármálagerningum, nema aðilinn sem átti viðskiptin eða gaf fyrirmæli um þau geti sýnt fram á að ástæður að baki þeim séu lögmætar og að viðskiptin eða fyrirmælin hafi verið í samræmi við viðurkennda markaðsframkvæmd á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði,

2. eiga viðskipti eða gera tilboð sem byggð eru á tilbúningi eða þar sem notuð eru einhver form blekkingar eða sýndarmennsku,

3. dreifa upplýsingum, fréttum eða orðrómi sem gefa eða eru líkleg til að gefa rangar eða misvísandi upplýsingar eða vísbendingar um fjármálagerninga, enda hafi sá sem dreifði upplýsingunum vitað eða mátt vita að upplýsingarnar voru rangar eða misvísandi. Þegar fjölmiðlamenn miðla slíkum upplýsingum í krafti starfs síns ber að meta upplýsingamiðlunina með hliðsjón af reglum um starfsgrein þeirra, svo fremi þessir aðilar hljóti hvorki ávinning né hagnist af miðlun viðkomandi upplýsinga með beinum eða óbeinum hætti.

69. Stefndu voru, ásamt öðrum, sakfelldir fyrir viðskipti bankans með eigin hlutabréf í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-206/2013. Var talið að hinir sakfelldu hefðu brotið gegn a- og b-lið 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl. með hinum umfangsmiklu viðskiptum bankans með eigin bréf sem gáfu, eða voru í það minnsta líkleg til að gefa, eftirspurn og verð hlutabréfa í bankanum ranglega eða misvísandi til kynna. Var ekki talið að lögmætar ástæður hafi búið að baki viðskiptunum eða þau hafi verið í samræmi við viðurkennda markaðsframkvæmd. Þá var ekki fallist á að bankinn hafi verið viðskiptavaki í eigin bréfum, en eins og leiða má af gagnályktun frá 116. gr. vvl. er fjármálafyrirtæki, sem annast verðbréfaviðskipti, óheimilt að takast á hendur viðskiptavakt með eigin hluti.

70. Með hinni refsiverðu háttsemi gripu stefndu með ólögmætum hætti inn í verðmyndun á hlutabréfum í Kaupþingi. Á þessum tíma var verulegur söluþrýstingur sem myndi undir venjulegum kringumstæðum leiða til verulegrar lækkunar á gengi bréfanna. Voru með því fjárfestar, og aðrir aðilar á verðbréfamarkaði blekktir um hvert væri raunverulegt markaðsverðmæti hlutabréfanna í Kaupþingi.

71. Að því er varðar sölu Kaupþings á eigin hlutabréfum með seljandaláni til Holt Investment Group Ltd., Mata ehf. og Desulo Trading Ltd. var talið í áðurnefndum dómi héraðsdóms að viðskiptin féllu undir a-lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl. Var talið sannað að með því að selja bréfin á þann hátt sem um ræddi hafi framboð og eftirspurn eftir bréfunum verið gefin ranglega til kynna auk þess sem blekkingum hafi verið beitt með því að kaupendurnir tóku enga fjárhagslega áhættu en áhættan var öll Kaupþings.

72. Viðskipti með hlutabréf í Kaupþingi kennd við Al Thani voru með sama hætti talin falla undir a-lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl. af Hæstarétti í máli nr. 145/2014. Látið var ranglega líta svo út að Al Thani hafi lagt til fé til að kaupa hlutina ásamt því að bera fulla markaðsáhættu af kaupunum en þögn ríkti um að Kaupþing hefði lagt til

lánsfé fyrir kaupunum í heild sinni auk aðkomu stefnda Ólafs sem var í reynd kaupandi að helmingi hlutarins á móti Al Thani, sbr. nánar málsatvikalýsing hér að ofan.

73. Þann 22. september 2008 eru viðskipti Al Thani tilkynnt af hálfu Kaupþings með svohljóðandi fréttatilkynningu, sbr. dskj. 10.

Q Iceland Finance ehf., dótturfélag í eigu Q Iceland Holding ehf., sem er eignarhaldsfélag hans hátignar Sheikh Mohammed Bin Khalifa Al-Thani, hefur keypt 5,01% hlut í Kaupþingi banka hf. Q Iceland Finance keypti alls 37,1 milljón hluta á genginu 690 kr. á hlut og verður þar með þriðji stærsti hluthafi bankans.

Hans hátign Sheikh Mohammed er í konungsfjölskyldunni sem verið hefur við völd í Qatar frá því á nítjándu öld.

Hans hátign Sheikh Mohammed:„Við höfum fylgst náið með Kaupþingi í nokkurn tíma og teljum þetta góða fjárfestingu. Staða Kaupþing er sterk og við höfum trú á stefnu og stjórnendum bankans, enda hefur Kaupþing náð góðum árangri við þær erfiðu aðstæður sem nú eru á markaðnum og sýnt fram á getu til þess að breytast og laga sig að nýjum veruleika í bankastarfsemi. Við lítum á hlut okkar í Kaupþingi sem langtímafjárfestingu og hlökkum til að eiga góð samskipti við stjórnendur bankans."

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður:„Okkur er mikil ánægja að bjóða hans hátign Sheikh Mohammed Bin Khalifa Al-Thani velkominn í hluthafahóp Kaupþings. Það hefur lengi verið stefna okkar að laða nýja fjárfesta að bankanum og því er ánægjulegt að sjá að við höfum nú náð að breikka hluthafahópinn enn frekar. Við hlökkum til þess að vinna með hans hátign Sheikh Mohammed í framtíðinni."

74. Auk þess birtust tilkynningar sama efnis í ýmsum fjölmiðlum og stefndu viðhöfðu sambærileg ummæli í viðtölum við hina ýmsu fjölmiðla, sbr. dskj. 11-14. Voru tilkynningarnar og fréttaumfjöllun þeim tengd taldar falla undir 3. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl. og hinir ákærðu því einnig sakfelldir fyrir brot gegn því ákvæði.

75. Til viðbótar við þá háttsemi, sem hér hefur verið lýst, og sakfellt hefur verið fyrir í sakamálum sem höfðuð hafa verið af embætti sérstaks saksóknara, byggir stefnandi á því að stefndu hafi í ýmsum öðrum tilvikum viðhaldið of háu markaðsverði hlutabréfa í Kaupþingi og með samstilltum aðgerðum komið í veg fyrir að hlutir í bankanum færu á markað í því skyni að koma í veg fyrir að gengi bréfanna myndi lækka. Í því fólst að tryggja verð eða búa til verð á fjármálagerningi í skilningi b-liðar 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl. og telst af þeim sökum vera ólögmæt háttsemi.

76. Má þar í fyrsta lagi nefna endurfjármögnun Kaupþings á láni sem Citibank hafði veitt Eglu Invest, félagi stefnda Ólafs sem hélt utan um hlut hans í Kaupþing. Samkvæmt upplýsingum úr skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, sbr. dskj. 15-16, veitti Kaupþing Eglu Invest lán að fjárhæð 120 milljón evrur í janúar 2008 og að fjárhæð 280 milljón

evra í mars 2008, gagngert í því skyni að forða því að Citibank gengi að veðsettum hlutabréfum í Kaupþingi.

77. Með því að Kaupþing veitti framangreind lán komu stefndi Ólafur, næst stærsti hluthafi í bankanum, og stjórnendur Kaupþings, því sameiginlega til leiðar að Citibank myndi ekki ganga að hlutabréfum Ólafs í bankanum og selja þau á markaði sem ella hefði óhjákvæmilega gerst. Um var að ræða 9,88% hlut í bankanum og án inngripa Kaupþings hefði sala hlutarins á markaði leitt til verulegs söluþrýstings og verðlækkana á hlutabréfunum.

78. Líkt og áður hefur verið rakið var stefndi Ólafur næst stærsti hluthafi bankans með 9,88% hlut en allt frá því að Búnaðarbanki Íslands og Kaupþing hf. sameinuðust árið 2003 og fram til falls bankans í október 2008 var framkvæmdastjóri Kjalars hf., félags í eigu Ólafs, í stjórn bankans, sem sérlegur fulltrúi hans. Er því ljóst að stefndi Ólafur hafði ætíð víðtæk ítök innan bankans frá þeim tíma er hann eignaðist stóran hluta í bankanum, sbr. dskj. 18-20.

79. Stefndi Ólafur var fjárhagslega tengdur Kaupþingi í skilningi reglna FME nr. 216/2007 enda líkur á að fjárhagslegir erfiðleikar bankans eða félaga í eigu Ólafs hefðu keðjuverkunaráhrif. Þá taldist stefndi Ólafur, að mati stefnanda, hafa óbein yfirráð yfir bankanum í skilningi reglna FME nr. 216/2007, sbr. og 3. mgr. 100. gr. vvl. Kjalar og önnur félög Ólafs mynduðu saman einn stærsta lántakahóp Kaupþings. Í lok september 2008 voru félög í eigu stefnda Ólafs fjórði stærsti lántaki Kaupþings með lán sem námu um 18% af skráðum eiginfjárgrunni bankans við fall hans. Að líkindum var eigið fé bankans þá talsvert lægra en skráð vegna þess að ekki hafði verið fylgt 84. gr. fftl. um meðferð á eigin hlutabréfum og tengdra aðila. Lánveitingar Kaupþings til félaga Ólafs töldust til stórrar áhættu í skilningi 30. gr. fftl.

80. Er á því byggt að stefndi Ólafur hafi í krafti stöðu sinnar sem næst stærsti hluthafinn í bankanum stuðlað að því með beinum hætti að Kaupþing átti í gríðarlegum viðskiptum með eigin bréf á tímabilinu 2007-2008. Ennfremur að stefndi Ólafur hafi átt frumkvæði að, hvatt til og í raun stýrt þeirri ákvörðun Kaupþings að endurfjármagna lán félags hans hjá Citibank í þeim tilgangi að tryggja óeðlilegt verð á hlutabréfum í bankanum á fyrri hluta ársins 2008. Engar sýnilegar ástæður voru fyrir lánveitingunni af hálfu Kaupþings aðrar en þær að fylgja fyrirmælum eins stærsta hluthafans í bankanum og um leið tryggja óeðlilegt markaðsverð á hlutabréfum í bankanum. En augljóst er að stefndi Ólafur hafði verulegan hag af því að hlutabréfaverði í bankanum yrði haldið háu. Með hliðsjón af framangreindu tók stefndi Ólafur, af ásetningi eða gáleysi, þátt í ráðstöfunum stjórnenda Kaupþings sem ætlað var að hafa áhrif á verðlagningu hlutabréfa Kaupþings. Þó hann hafi ekki haft formlegt vald til að binda bankann er ljóst að hann beitti áhrifum sínum sem stór hluthafi í bankanum til að tryggja óeðlilegt verð á hlutabréfum sínum í bankanum. Slíkar ráðstafanir falla undir markaðsmisnotkun skv. b-lið 1. mgr. 117. gr. vvl. með hluti í bankanum þegar í mars 2008.

81. Í öðru lagi er um þetta vísað til fjármögnunar Kaupþings á sölu hluta í eigu Gnúps til Giftar og AB 57 í desember 2007 en þá var Gnúpur kominn í veruleg fjárhagsvandræði. Veitti Kaupþing Gift 20 milljarða kr. lán og AB 57 um þriggja milljarða kr. lán til að kaupa hlutabréfin. Eingöngu bréfin sjálf voru veðsett til tryggingar lánunum. Þessi lánveiting Kaupþings leiddi til þess að markaðsvirði hlutabréfa í Kaupþingi var viðhaldið og því beinlínis afstýrt að rúmlega 3% hlutur í bankanum færi í sölu á skipulegum verðbréfamarkaði. Með þessari ráðstöfun var tryggt óeðlilegt verð á hlutabréfunum í skilningi b-liðar 1.mgr. 117. vvl.

82. Í þriðja lagi er um þetta vísað til lánveitinga Kaupþings til starfsmanna sinna til hlutabréfakaupa sem áður er lýst. Lán þessi voru að stórum hluta veitt með þeim skilyrðum að starfsmenn bæru eingöngu 10% persónulega ábyrgð á þeim, Kaupþing var heimilt að beita veðkalli ef verðmæti bréfanna færi niður fyrir 120% af lánsfjárhæðinni og starfsmenn máttu ekki selja bréfin nema lánið væri að fullu uppgreitt. Er markaðsverð Kaupþingsbréfa lækkaði á árinu 2007 ákváðu stjórnendur Kaupþings að beita ekki veðkalli. Þegar starfsmenn leituðu eftir heimild til að selja bréfin var svarið á þá leið að verið væri að leita lausna á vandanum. Sú lausn fólst í niðurfellingu persónulegra ábyrgða sem ákveðin var á stjórnarfundi bankans 25. september 2008, þar sem sátu m.a. stefndu Hreiðar Már og Sigurður. Sýnir það glögglega þann ásetning stjórnenda Kaupþings að koma í veg fyrir að eigendur bréfa myndu selja þau á markaði. Í stað þess að fallast á sölu þeirra á markaði og fá a.m.k. umtalsvert upp í kröfu bankans fólst í aðgerðum hans að áhættu af bréfunum var alfarið velt yfir á bankann sjálfan. Var markaðsverði hlutabréfanna þannig viðhaldið af stjórnendum bankans og um leið tryggt óeðlilega hátt verð þeirra sem fór gegn ákvæðum b-liðar 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl.

83. Við Kaupþings í eigin hlutabréfum námu að jafnaði að verðmæti milli 200 og 300 milljarða. Þrátt fyrir lækkandi hlutabréfaverð bankans árið 2007 hélst markaðsvirði í eigin bréfum nánast stöðugt síðasta árið fram að falli bankans. Er skýringin sú skv. Rannsóknarskýrslu Alþingis að verðmæti Kaupþings í eigin bréfum hafi í lok september 2008 numið alls um 214 milljörðum króna eða sem nam 42% af öllum hlutabréfum bankans. Sem dæmi má nefna að síðasta árið fyrir fall bankans keypti bankinn hlutabréf í sjálfum sér fyrir um 96 milljarða króna.

84. Ástæður að baki lánveitingum Kaupþings til hlutabréfakaupa sem raktar er hér að framan voru fjarri því að vera lögmætar eða samræmast viðurkenndri markaðsframkvæmd á skipulegum verðbréfamarkaði í skilningi b-liðar 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl. Í þeim fólust m.a. brot á lögum um hlutafélög nr. 2/1995, (hfl.), lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, (fftl.) og lögum um ársreikninga nr. 3/2006 (ársl.).

85. Eigin hlutir Kaupþings sem bankinn lánaði fyrir og tók að veði voru ekki dregnir frá eigin fé bankans eins og lögskylt var þegar áhættan var hjá bankanum, sbr. 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002. Augljóst er að ef stefndu hefði gætt að þessari lagaskyldu hefði eigið fé bankans verið skráð mun lægra og jafnvel lægra en lögákveðið var. Það hefði mögulega þýtt sviptingu starfsleyfis og afskráningar af markaði strax árið 2006. Þá var

þess ekki getið í ársreikningum bankans, þar með talið milliuppgjöri bankans fyrir árið 2008, að stór hluti lána til starfsmanna sem námu um 60 milljörðum var einungis með 10% ábyrgð. Þrátt fyrir það voru lánin færð í efnahagsreikningi á fullu verði.

86. Þá fór veðtaka Kaupþings í eigin hlutabréfum langt umfram 10% hámark 55. gr. hfl. og brutu stjórnendur Kaupþings, þ.m.t. stefndu gegn hfl. Stefndi Ólafur var hlutdeildarmaður í þeim brotum enda gat honum ekki dulist sem fagfjárfestir að endurfjármögnun kaupþings á Citibank lánunum með veði í hlutabréfum félaga hans í bankanum leiddi til þess að brotið var gegn 10% hámarki í eigin bréfum skv. 55. gr. hfl. Þá hafði veðtaka bankans í hlutabréfum stærsta eiganda síns, Exista, einnig samsvarandi áhrif á eigið fé bankans, í ljósi fjárhagslegra tengsla félaganna.

87. Að því er varðar þátt hvers og eins stefndu er byggt á því að stefndu beri sameiginlega (in solidum) ábyrgð á tjóni stefnanda. Um er að ræða samverkandi tjónsorsakir og er innbyrðis skipting ábyrgðar milli tjónvalda tjónþola óviðkomandi.

88. Stefndu Hreiðar Már, Sigurður og Ingólfur báru sem stjórnarmaður og framkvæmdastjórar Kaupþings ríkar trúnaðar- og eftirlitsskyldur skv. hfl. gagnvart bankanum og í því fólst ábyrgð og eftirlit með því að starfsemi bankans færi í hvívetna að lögum. Stefndu Hreiðar Már og Sigurður voru auk þess í lánanefnd stjórnar bankans, en þar gegndi stefndi Sigurður formennsku, og báru þeir einnig ríka ábyrgð sem slíkir þegar kom að lánveitingum út á eigin bréf félagsins.

89. Stefndi Ólafur var næst stærsti hluthafi bankans frá öndverðu og skuggastýrði honum í eigin þágu um árabil. Ólafur var ekki ákærður í máli S-206/2013 en byggt er á því að hann hafi tekið þátt í að halda uppi verði bréfanna, sbr. t.d. það sem segir um endurfjármögnun bankans á láni Eglu Invest, sem var í hans eigu. Þá var Ólafur sakfelldur fyrir sinn þátt í Al Thani málinu og nægir það, allt að einu, til að fella skaðabótaábyrgð á hann í máli þessu. Að því er varðar stefnda Ingólf þá var hann ekki ákærður í Al Thani málinu en ljóst er að þáttur hans var mikill í máli S-206/2013. Þá voru stefndu Hreiðar Már og Magnús sakfelldir í báðum málunum.

4.3. Orsakatengsl

90. Líkt og umfjöllun um saknæmi hér að ofan ber með sér byggir stefnandi málatilbúnað sinn á nokkrum tjónsorsökum en á því er byggt að um samverkandi tjónsorsakir séu að ræða og beri allir hinna stefndu óskipta (in solidum) ábyrgð á heildartjóni stefnanda.

91. Stefnandi telur framangreint tjón stefnanda afleiðingu saknæmrar og ólögmætrar háttsemi stefndu sem rakin hefur verið hér að framan. Samkvæmt framansögðu liggur þannig fyrir að frá nóvember 2007 til október 2008 hafi stefndu sameinast um umfangsmikla og kerfisbundna markaðsmisnotkun með hlutabréf í Kaupþingi. Þessi

sameiginlega háttsemi stefndu leiddi til tjóns fyrir hluthafa í Kaupþingi sem áttu viðskipti á tímabilinu 1. nóvember 2007 til falls bankans í október 2008.

92. Eins og áður hefur verið rakið, héldu stefndu uppi gengi hlutabréfa í bankanum með saknæmum og ólögmætum hætti auk þess sem opinberar tilkynningar þeirra um fjárhagsstöðu bankans reyndust blekkingar. Það leiddi til þess að þátttakendur á verðbréfamarkaði 1) keyptu hlutabréf í Kaupþingi á röngum forsendum, sem þeir ella hefðu ekki gert eða 2) keyptu hlutabréf í Kaupþingi á of háu verði eða 3) seldu ekki hlutabréf í Kaupþingi sem þeir höfðu áður keypt sem þeir ella hefðu selt ef markaðsmisnotkunar stefndu hefði ekki notið við.

93. Þegar markaðsmisnotkunin hófst þann 1. nóvember 2007 átti Stapi lífeyrissjóður, sá sem stefnandi leiðir rétt sinn frá, hlutabréf í bankanum sem keypt höfðu verið fyrir samtals 4.230.351.569 kr. en á tímabilinu frá 1. nóvember 2007 til og með 7. ágúst 2008 átti Stapi lífeyrissjóður nokkur viðskipti með hluti í bankanum eins og nánar er rakið í málsatvikalýsingu hér að ofan. Nettó mismunur kaupverðs hlutabréfanna, annars vegar og söluverðs og arðs af bréfunum, hins vegar, nam kr. 902.493.733 þegar Kaupþing féll.

94. Svo vikið sé nánar að markaði með hlutabréf í Kaupþingi þá liggur fyrir að á árunum 2004-2005 var mikill kaupþrýstingur á markaði sem leiddi til mjög mikillar hækkunar á hlutabréfum í bankanum. Gengi hlutabréfanna lækkaði svo í byrjun árs 2006 en hækkaði svo aftur fram á mitt ár 2007 er gengi bréfanna náðin hámarki. Frá miðju ári 2007 til falls bankans í október 2008 var mikill söluþrýstingur á bréfin en eins og rakið hefur verið hægðu stefndu, með ýmsum inngripum inn í framboð og eftirspurn með hlutabréf í Kaupþingi, verulega á verðlækkun bréfanna. Það var gert annars vegar með því að kaupa mikið magn af eigin bréfum og hins vegar með því að koma í veg fyrir að mikið magn bréfa færi til sölu á markaði, s.s. með því að lána stórar fjárhæðir í utanþingsviðskiptum án nægra trygginga, veita lán til að greiða upp lán annars banka sem hafði beitt veðkalli og forða aðför, fella niður ábyrgðir starfsmanna í stað þess að samþykkja sölu þeirra á bréfunum og senda rangar tilkynningar um stöðu bankans til kauphallar og eftirlitsaðila.

95. Ef verðmyndun á hlutabréfum í Kaupþingi hefði fylgt lögmálum um verðmyndun á hlutabréfamarkaði er ljóst að staðan hefði verið nokkuð önnur á seinni hluta árs 2007 og fram til falls bankans á árinu 2008 þótt ómögulegt sé að segja með nokkurri vissu hvernig þróun gengisins hefði orðið.

96. Sú háttsemi að halda uppi gengi bréfa bankans leiddi til þess að sá sem stefnandi leiðir rétt sinn frá átti framangreinda hluti í bankanum þann 22. september 2008 þegar Al Thani viðskiptin áttu sér stað sem leiddu endanlega til þess að sá var enn eigandi bréfanna við fall bankans. Staðfest hefur verið í dómi Hæstaréttar í málinu 145/2014 að þær blekkingar, sem viðhafðar voru í tengslum við þau viðskipti höfðu veruleg áhrif á markaði og leiddu til stórfellds tjóns gagnvart almenningi. Tilkynning stefndu um meint

kaup Al Thani leiddu til þess að sá sem stefnandi leiðir rétt sinn af seldi ekki bréf sín í Kauphingi.

97. Tilkynning stefndu til almennings um að erlendur fjárfestir, Al Thani, hefði keypt ríflega 5% hlut í bankanum var gríðarleg traustyfirlýsing á bankann og sendi þau skilaboð út á markaðinn að staða bankans væri góð og framtíð hans væri björt þegar önnur var raunin. Í frétt Morgunblaðsins 23. september 2008, sbr. dskj. 13, er t.a.m. fjallað um viðskiptin og er þar vísað orðrétt í stefnda Hreiðar Má *„Við teljum að þetta sé mikil traustsyfirlýsing fyrir félagið. Það er búið að fara í gegnum mikla úttekt og grandskoðun á rekstri bankans á undanförnum mánuðum og þessi fjárfesting er gerð í kjölfar þess"*.

98. Eftir stefnda Ólafi var haft í Morgunblaðinu 23. september 2008 að kaup Al Thani væru *„mikil viðurkenning fyrir Kauphing". Ennfremur að „Ég er ekki í vafa um að þessi kaup munu skipta miklu máli fyrir Kauphing. Bankar og fjármálafyrirtæki út um allan heim hafa legið utan í mönnum.í Katar með það fyrir augum að fá þá inn sem hluthafa. Það gefur því góða mynd af styrk Kauphings að Sheikh Mohammed skuli kaupa hlut í bankanum... Það hefur tekist hjá Kauphingi að fá góða erlenda fjárfesta inn í hópinn og það mun skipta sköpum í framtíðinni."*

99. Af þessum ummælum, og fréttaumfjöllun um málið að öðru leyti, er óhjákvæmilegt að ætla að í kjölfar úttektar og grandskoðunar á rekstri Kauphings hafi Al Thani, sem sagður var stór alþjóðlegur fjárfestir og titlaður fjármálaráðherra Katar, metið það svo að eðlilegt verð fyrir 5,01% hlut í bankanum væri 690 kr. á hlut sem var litlu lægra en skráð gengi hlutabréfanna í Kauphöll en dagslokagengi síðasta viðskiptadags fyrir viðskiptin nam 714 kr. á hlut, sbr. dskj. 6. Gengið 690 kr. á hlut endurspeglaði ekki það verð sem Al Thani taldi rétt í viðskiptum með hluti í bankanum eftir því sem síðar kom í ljós þegar upplýstist að Qatar Investment Authority hafði örfáum mánuðum áður gert tilboð sem hljóðaði upp á 399 kr. á hlut og var Al Thani grandvís um það, sbr. fyrri umfjöllun. Það verð sem ákveðið var í viðskiptunum átti því rætur að rekja til þeirra kjara sem Al Thani fékk, þ.e. lánað var að fullu fyrir kaupunum auk þess sem honum voru greiddar 50 milljóna dollara umbun í formi láns til eignalauss félags til frjálsrar ráðstöfunar án nokkurra trygginga vegna ætlaðs fyrirfram greidds hagnaðar af afleiðusamningi sem þó var aldrei gerður.

100. Þá er einnig fullsannað að Al Thani viðskiptin höfðu raunveruleg áhrif á skipulegan verðbréfamarkað. Í hæstaréttarmálinu nr. 145/2014 var komist að þeirri niðurstöðu að markaðsmisnotkunin hafi beinst *„í senn að öllum almenningi og fjármálamarkaðnum hér á landi í heild og verður tjónið sem leiddi af þeim [þ.e. brotunum] ekki metið til fjár"*. Hafi markaðsmisnotkunin verið *„þaulskipulögð, drýgð af einbeittum ásetningi og eindæma ófyrirleitni og skeytingarleysi"* eins og segir í dómi Hæstaréttar. Á dskj. 6 er að finna yfirlit yfir dagslokagengi hlutabréfa í Kauphing í íslensku kauphöllinni frá 1. nóvember 2007 til 3. október 2008. Má þar sjá að gengi bréfanna lækkaði hægt og sígandi allt tímabilið þar til botninum var náð þann 17. september 2008 er gengi á hlut nam 675 kr. Hækkaði gengið lítillega eftir það og tekur

svo kipp við Al Thani viðskiptin og nær gengið kr. 755 á hlut þann 25. september 2008 en hafði þá ekki verið hærra síðan í júní það ár.

101. Þá er einnig ljóst af gögnum málsins um viðskipti með hlutabréf í bankanum að Al Thani viðskiptin höfðu almennt séð þau áhrif að almennir hluthafar töldu hagfelldast að eiga hlutabréfin í stað þess að selja þau. Það sést af því hvernig velta með Kauphingsbréf breyttist eftir viðskiptin. Vikuna fyrir viðskiptin, þ.e. frá 15.-19. september voru að meðaltali 170 viðskipti með bréfin á dag, meðalvelta á dag var 2.667.292.765 kr. og meðalfjöldi bréfa í viðskiptum á dag var 3.897.457. Vikuna eftir viðskiptin breyttust tölurnar hins vegar í 77 viðskipti, 1.064.707.494 kr. og 1.436.110 bréf, sbr. dskj. 7, en á sama tíma hækkaði gengi bréfanna um u.þ.b. 5%.

102. Við mat á sönnunarbyrði að því er varðar orsakatengsl verður að hafa hugfast að stefndu eru sérfræðingar á því sviði sem um ræðir, háttsemi þeirra var sviksamleg, í sumum tilfellum refsiverð og unnin af einbeittum ásetningi. Að auki hefur verið staðfest af dómstólum að háttsemi stefndu gaf, eða var líkleg til að gefa til kynna ranglega eða misvísandi eftirspurn eftir hlutabréfum í Kauphing. Sé því einhver vafi um það til staðar, hvort orsakatengsl séu fyrir hendi, verða stefndu að bera hallann af því.

103. Til viðbótar við ofangreint er á því byggt að kaup bankans á eigin bréfum og lánveitingar þar sem eingöngu bréf í bankanum eru sett að veði hafi ekki verið dregið frá eiginfjárgrunni bankans. Þann 28. mars 2008 hafi CAD hlutfall bankans með réttu átt að vera undir 8% og bankinn misst starfsleyfi sitt samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og hefði stefnandi því, eðli máls samkvæmt, ekki keypt hlutina sem hann keypti þann dag.

4.4. Tjón stefnanda og kröfugerð

104. Stefnandi krefst skaðabóta sem nemur þeirri fjárhæð sem sá hluthafi í Kauphingi, sem stefnandi leiðir rétt sinn frá, varði í kaup á hlutabréfum í Kauphingi að frádregnu söluverði hlutanna og greiddum arði. Stefnandi fékk hlutina og öll kröfuréttindi, þ.m.t. bótakröfur, framseldar frá Stapa lífeyrissjóði eins og áður segir.

105. Þann 1.nóvember 2007 átti Stapi lífeyrissjóður hlutabréf í bankanum sem hann hafði keypt fyrir samtals kr. 6.391.528.301. Eftir það tímabil og fram til falls bankans keypti Stapi til viðbótar hluti fyrir kr. 2.161.176.732. Á sama tímabili seldi Stapi hluti fyrir samtals kr. 5.455.837.008 og fékk greiddan arð að fjárhæð kr. 33.197.560. Tjón stefnanda er það sem Stapi lífeyrissjóður keypti umfram það sem hann seldi í bankanum að teknu tilliti til arðgreiðslna. Mismunur á kaupverði hlutabréfa í Kauphingi og söluverði hlutabréfanna á tímabilinu 1. nóvember 2007 til október 2008 nam kr. 902.493.733 og er sú fjárhæð stefnufjárhæð málsins.

106. Til vara er gerð krafa um að stefndu greiði stefnanda skaðabætur að álitum. Ótvírætt er að bótagrundvöllur er fyrir hendi og að sá sem stefnandi leiðir rétt sinn frá hafi orðið fyrir fjártjóni vegna háttsemi stefndu. Verði talið að stefnandi hafi ekki sýnt fram á hið eiginlega fjártjón sem leiddi af háttsemi stefndu eru lagaskilyrði til þess að dæma stefanda bætur að álitum úr hendi stefndu.

107. Til þrautavara er gerð krafa viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu in solidum gagnvart stefnanda vegna fjártjóns stefnanda sem hlaust af markaðsmisnotkun stefndu með hlutabréf í Kaupþingi banka hf. á tímabilinu 1. nóvember 2007 til 9. október 2008.

4.5. Aðild

108. Málsóknin er reist á því að um einstaklingsbundið tjón hluthafa sé að ræða vegna markaðsmisnotkunar stefndu sem leiddu til þess að sá sem stefnandi leiðir rétt sinn frá og aðrir hluthafar í Kaupþingi bæði keyptu hlutabréf í bankanum á of háu verði og héldu á þeim þangað til þau urðu verðlaus við fall bankans. Að þessu leyti varð það því ekki bankinn sjálfur sem varð fyrir tjóni heldur hluthafarnir sem slíkir, þ.m.t. stefnandi.

109. Sameiginleg aðild til varnar byggist á samlagsaðild samkvæmt 19. gr. eml. enda reisir stefnandi kröfu sína á hendur öllum stefndu á sömu atvikum og aðstöðu. Er á því byggt að stefndu beri óskipta ábyrgð á tjóni stefnanda og er krafan reist á reglum skaðabótaréttar utan samninga. Þótt aðrir einstaklingar hafi verið sakfelldir fyrir markaðsmisnotkun með hlutabréf bankans er ekki þörf á aðild þeirra að málinu.

4.6. Fyrning

110. Stefnandi byggir á því að krafan sé ófyrnd þar sem hún fyrnist á fjórum árum frá því að tjónþoli fékk upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð bar á því, sbr. 9. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007. Var það í fyrsta lagi við uppkvaðningu Héraðsdóms Reykjavíkur í Al Thani málinu þann 12. desember 2013. Þá er og vísað til viðbótar 12 mánaða fyrningarfrests frá 12. febrúar 2015, frá dómsuppsögu Hæstaréttar í máli nr. 145/2014 að því er varðar stefndu Hreiðar Má, Ólaf og Sigurð, sbr. 11. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007. Að því er varðar héraðsdómsmálið nr. S-206/2013 þá féll dómur í málinu á hendur stefndu Hreiðari Má, Ingólfi, Magnúsi og Sigurði þann 26. júní 2015.

111. Að því er varðar athafnir stefndu sem fóru í bága við 117. gr. vvl. á árunum 2008 og falla ekki undir sakarefni framangreindra sakamála gegn stefndu, þá byggir stefnandi á því að fyrsta tímamark sem hafi gefið honum tilefni til að kanna hvort athafnir stefndu með markaðssetningu hlutabréfa Kaupþings kynnu að varða bótaskyldu hafi verið við dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í Al Thani málinu þann 12. desember 2013.

4.7. Varnarþing

112. Um varnarþing er vísað til síðari málsl. 1. mgr. 32. gr. eml. þar sem mælt er fyrir um að ef einstaklingur eigi fasta búsetu á öðrum stað en hann á lögheimili sé heimilt að sækja hann í þeirri þinghá. Stefndu Hreiðar Már, Magnús, Ólafur og Sigurður afplána dóma skv. máli nr. 145/2014 á fangelsinu að Kvíabryggju á Snæfellsnesi og teljast því eiga fasta búsetu þar. Að því er varðar stefnda Ingólf er um varnarþing vísað til 1. mgr. 42. gr. eml.

5. Lagarök

113. Stefnandi styður mál sitt við meginreglur skaðabótarréttar, þar á meðal sakarregluna, reglur um strangt sakarmat og vægari kröfur til sönnunar á orsakatengslum og sennilegri afleiðingu o.fl. Þá er vísað til laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007, einkum 117. gr., og 116. gr. laga nr. 91/1991. Jafnframt er vísað til ákvæða laga um hlutafélög nr. 2/1995 og ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Viðurkenningarkrafa styðst við ákvæði 2. mgr. 25. gr. eml. Krafa um almenna vexti styðst við 8. gr. laga nr. 38/2001 og krafa um dráttarvexti styðst við 1. mgr. 6. gr. sömu laga. Málskostnaðarkrafa styðst við 129., sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðst við ákvæði laga nr. 50/1988.

6. Sönnunargögn

114. Stefnandi mun við þingfestingu m.a. leggja fram, auk stefnu og skjalaskrár, dóm Hæstaréttar í máli 145/2014, dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-106/2013, valda kafla úr skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og ýmsar fréttatilkynningar, sbr. nánari útlistun í skjalaskrá á dskj. 2.

7. Áskilnaður

115. Stefnandi áskilur sér rétt til framlagningar frekari gagna á síðari stigum málsins, að hafa uppi frekari málsástæður og lagarök og kalla aðila og vitni til skýrslugjafar, allt eftir því sem frekari framvinda málsins krefst. Þá er jafnframt gerður áskilnaður um að breyta og/eða auka við dómkröfur eða aðild, með eða án framhaldsstefnu eða sakaaukastefnu á síðari stigum málsins.

116. Þá er áskilinn réttur til að afla matsgerðar um tjón stefnanda undir rekstri málsins og uppfæra kröfugerð málsins til samræmis við niðurstöðu matsgerðar. Jafnframt er áskilinn réttur til að breyta málsatvikalýsingu, málsástæðum og lagarökum ef tilefni verður til eftir að Hæstiréttur kveður upp dóm í máli með málsnúmerið S-206/2013 í Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. Stefna og fyrirkall

117. Hér með er skorað á stefndu Hreiðar Má, Ingólf, Magnús, Ólaf og Sigurð til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Vesturlands, sem háð verður í dómsal í dómhúsinu að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi þriðjudaginn **5. apríl 2016 kl. 14:00** eftir hádegi, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur og sókn sakar að hlýða, og leggja fram varnir af sinni hálfu, ef einhverjar eru. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 9. febrúar 2016

Hróbjartur Jónatansson hrl.